

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 47

Dags. 18.9.2013

Skipulags- og umhverfisnefnd - 18.09.2013

47. fundur.

18. september 2013 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Friðgeir Sigtryggsson, varamaður

Hörður Þór Benónýsson

Þórunn Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Þeistareykjavirkjun. Breyting á deiliskipulagi
2. Þeistareykjavirkjun . Umsókn um framkvæmdaleyfi
3. Hólkot í Reykjadal. Stofnun lóðar, breyting á aðalskipulagi.
4. Reykir 2, Fnjóskadal. Byggingarleyfi fyrir gróðurhús.

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(Í fjarveru Guðrúnar Tryggvadóttur)

1. Þeistareykjavirkjun. Breyting á deiliskipulagi.

S20120101

Erindi dags september frá Jóni H. Gestssyni f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir að gerðar verði eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar: Breytingin felst í fyrirkomulagi vinnubúða verktaka, lóð L-08. Lagt er til að vinnubúðirnar verði færðar norður fyrir vinnubúðir rekstraraðila L-07 þannig að vinnubúðirnar myndi samfellda þyrpingu. Lóðarmörkum og byggingarreit á lóð L-07 er breytt lítillega. Með sameiningu vinnubúðalóða fæst ákveðið hagræði í framkvæmd og frágangi að verki loknu, Vinnubúðirnar verða allar á einum stað og því ekki eins áberandi og ef þær væru á tveimur aðskildum svæðum. Gerðar verða eftirfarandi breytingar á deiliskipulagsupprætti: Lóð L-08 er færð norður fyrir lóð L-07. Lóðarmörkum L-07 er breytt til aðlögunar að lóð L-08. Aðkomuleið að L-08 frá virkjanavegi verður við norðvesturhorn lóðar. Gert er ráð fyrir lagnaleið meðfram aðkomuvegi. Greinargerð verður uppfærð m.t.t. viðkomandi breytinga.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að hér sé um svo óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða, að grenndarkynna skuli hana eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Í 3. mgr. 44. gr. fyrrgreindra laga er hins vegar ákvæði um að skipulagsnefnd geti fallið frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfissskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og /eða umsækjanda.

Með vísan í fyrrgreind lagaákvæði er það niðurstaða skipulags- og umhverfisnefndar að málsmeðferð verði samkvæmt þeim og leggur til við sveitarstjórn að fallið verði frá grenndarkynningu og umsókn Landsvirkjunar um breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að skipulags og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð vegna gildistöku á breytingartillögunni eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

2. Þeistareykjavirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vinnubúðareit.

S20120101

Erindi dags 12. september 2013 frá Árna Gunnarssyni, yfirverkefnastjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir vinnubúðareit verkkaupa á Þeistareykjum sem fyrirhugað er að keyra út haustið 2013. Lóðin er 23.300 m² að stærð. Byggingarreiturn er 12.000 m² að stærð og verður svæðið jafnað út og mold ýtt út í jaðar svæðisins til síðari nota. Síðan verður keyrður út um eins metra þykkur malarpúði yfir svæðið. Efnið verður sótt í námu ÞRN-2 við

Kvíhólafjöll. Reiturinn sem hér um ræðir er merktur sem L-08 í tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem er nú til meðferðar (Sjá lið 1).

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að Landsvirkjun verði heimilaðar umbeðnar framkvæmdir þegar breytingar á deiliskipulagi hafa átt sér stað. Nefndin leggur einnig til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið og í því komi nánar fram hvernig umsækjandi muni ganga frá svæðinu að loknum framkvæmdatíma virkjunarinnar.

3. Hólkot í Reykjadal . Stofnun lóðar, breyting á aðalskipulagi.

S20120804

Tekið fyrir að nýju erindi dags 22. ágúst 2013 frá Guðrúnu, Evu Ásrúnu, Valdísi og Dóru Þórdísi Albertsdætra þar sem þær óska eftir heimild til að stofna lóð undir frístundahús í landi Hólkots í Reykjadal en þær eru eigendur að 50% hluta af óskiptu landi Hólkots. Þar sem heimild í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til að stofna allt að þrjár lóðir undir frístundahús á hverju lögbýli/bújörð er fullnýtt á jörðinni óska þær eftir að gerðar verði breytingar á aðalskipulagi sem heimili þeim að stofna fjórðu lóðina undir frístundahús.

Í erindinu er málið nánar reifað og jafnframt er gerð grein fyrir sjónarmiðum umsækjenda.

Skipulags- og umhverfisnefnd er ekki reiðubúin að breyta ákvæðum í aðalskipulagi varðandi fjölda frístundahúsa á einstökum lögbýlum/bújörðum vegna fordæmis og hafnar því erindinu. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ræða við umsækjendur og gera þeim grein fyrir afstöðu nefndarinnar skv. umræðum á fundinum.

3. Reykir 2, Fnjóskadal. Byggingarleyfi fyrir gróðurhús.

S20130901

Erindi dags 19. september 2013 frá Guðmundi H. Gunnarssyni, Búgarði, f.h. Guðmundar Hafsteinssonar, Reykjum 2 Fnjóskadal þar sem sótt er um heimild til að byggja tvö gróðurhús á Reykjum 2. Fyrirhuguð stærð á hvoru gróðurhúsi er 20x6,4 m, burðarvirki úr stáli og húsin klædd með plastdúki.

Þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir er gert ráð fyrir að hin fyrirhugaða framkvæmd sé grenndarkynnt eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Í 3. mgr. 44. gr. fyrrgreindra laga er hins vegar ákvæði um að skipulagsnefnd geti fallið frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd verði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og /eða umsækjanda.

Með vísan í fyrrgreind lagaákvæði er það niðurstaða skipulags- og umhverfisnefndar að fallið verði frá grenndarkynningu og nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfisumsóknina þegar fullnægjandi gögn hafa borist.

Fundi slitið